

## GJALDSKRÁ

**fyrir leyfisveitingu Neytendastofu fyrir  
innra eftirlit eigenda með löggildingarskyldum mælitækjum.**

### I. KAFLI

**Gildissvið o.fl.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Gjaldskrá þessi tekur til gjalda aðila með heimild til notkunar gæðakerfis eða annarrar formlegrar tilhögunar innra eftirlits í stað löggildinga mælitækja, sem þeir greiða, sbr. 32. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og reglugerða sem gilda um hlutaðeigandi mælitæki, sem heimildin tekur til.

2. gr.

*Eftirlitsgjöld vegna notkunar innra eftirlits í stað löggildinga.*

Gjöld vegna innra eftirlits eru með eftirfarandi hætti:

- Umsóknargjald:* Gjald fyrir móttöku, skráningu og yfirferð umsóknar og fylgiskjala, auk álitsgerðar um niðurstöður fyrstu yfirferðar á umsókn og fylgigögnum hennar, svo og undirbúningsheimsókn til umsækjanda þegar það á við.
- Leyfisgjald:* Gjald fyrir formlegt samþykki Neytendastofu á gæðakerfum eða kerfum til forpakknингar á vörum en það felur í sér kostnað vegna mats á kerfum, gerðar verk- og tímaáætlunar, mats á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerðar og leyfisveitingar.
- Eftirlitsgjald:* Gjald vegna vinnu við árlegt eftirlit með kerfum samkvæmt þessari grein en það felur í sér gerð verk- og tímaáætlunar, vinnu við reglubundið mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerð og endurútgáfu leyfis.

### II. KAFLI

**Flokkar mælitækja.**

3. gr.

*Vatns- og raforkumaelar.*

Eftirlitsgjöld fyrir vatns- og raforkumæla skulu vera svo sem hér segir:

- Umsóknargjald:* Kr. 59.000. Við þennan gjaldalið bætist ferðakostnaður, þegar það á við, samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar um dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands.
- Leyfisgjald:* Kr. 5.500.
- Eftirlitsgjald:*
  - Kr. 59.000 fyrir færri en 5.000 mæla.
  - Kr. 118.000 fyrir færri en 50.000 mæla.
  - Kr. 177.000 fyrir 50.000 mæla og þar yfir.

Gjöld samkvæmt þessari grein miðast við neysluvísítolu í janúar 2009 og skulu breytast árlega til samræmis við breytingar á þeiri vísítolu.

4. gr.

*Mælierfi fyrir eldsneytisskammtara, tankbifreiðar og mjólk.*

Eftirlitsgjöld fyrir mælierfi fyrir eldsneytisskammtara, tankbifreiðar og mjólk skulu vera svo sem hér segir:

- Umsóknargjald:* Kr. 59.000. Við þennan gjaldalið bætist ferðakostnaður, þegar það á við, samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar um dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands.
- Leyfisgjald:* Kr. 5.500.
- Eftirlitsgjald:* Kr. 118.000.

Nr. 186

2. febrúar 2009

Gjöld samkvæmt þessari grein miðast við neysluvísítölum í janúar 2009 og skulu breytast árlega til samræmis við breytingar á þeirri vísítölum.

5. gr.

*Vogir.*

Eftirlitsgjöld fyrir vogir skulu vera svo sem hér segir:

- a. Umsóknargjald: Kr. 59.000. Við þennan gjaldalið bætist ferðakostnaður, þegar það á við, samkvæmt auglýsingum ferðakostnaðarnefndar um dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands.
- b. Leyfisgjald: Kr. 5.500.
- c. Eftirlitsgjald: Kr. 118.000.

Gjöld samkvæmt þessari grein miðast við neysluvísítölum í janúar 2009 og skulu breytast árlega til samræmis við breytingar á þeirri vísítölum.

### III. KAFLI

#### **Gildistaka o.fl.**

6. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 32. gr., sbr. einnig 2. og 6. mgr. 14. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 2. febrúar 2009.*

**Gylfi Magnússon.**

---

*Jónína S. Lárusdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 17. febrúar 2009